

# FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

MAS- markmið aðgerðir samtal

Verkefni 2017-2018

Lokaskýrsla til sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum  
**Nafn verkefnis:** MAS- markmið aðgerðir samtal  
**Nafn verkefnisstjóra:** Auðbjörg Halla Jóhannsdóttir  
**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** UMS4. 2017-2018

### **Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn**

Markmið verkefnisins var að efla lærdómssamfélagið í skólanum með verkefni sem skólinn hafði þegar hafið innleiðingu á og kallast MAS. **MAS** er skammstöfun fyrir markmið-aðgerðir-samtal sem er lýsandi fyrir verklag verkefnisins. En verklagið byggir á að kennarar setja sér markmið ákveða aðgerðir til að ná þeim markmiðum og eiga samtal.

Með því viljum við auka faglega þróun kennara með samvinnu þeirra á milli og hafa áhrif á menningu sem styður við aukna menntun hjá nemendum og efla þannig lærdómssamfélagið.

Með verkefninu á að gera góða kennslu enn betri með því að innleiða verklags sem styður við faglega þróun og að verklagið verði að föstum lið í skólastarfinu og hverjum kennara jafn tamt og halda nemendabókhalld.

Í umsókn voru sett fram eftirfarandi markmið

1. Innleiðing- sem fólst í að kynna verkefnið fyrir kennurum og að verklagið verði þeim öllum tamt.
2. Mat á verkefninu- ákvarða hvaða mælitæki skuli nota til að mæla hvort verkefnið sé að skila árangri.
3. Kynning á verkefni
4. Innleiðing á rýnihópum nemenda.

### **Leiðir sem voru valdar til að ná markmiði**

Verkefnið hófst á vorönn 2017 og ákváðu kennarar að kalla það MAS. Í innleiðingunni var lögð áhersla á verklagið yrðir öllum kennurum tamt. Að allir kennararnir gætu leitt hópa á MAS fundum (MAS fundir eru 15 mínútna vikulegir standandi fundir. Þeir hefjast á að kennarar meta líðan sína gagnvart verkefninu og fara yfir hvernig gengur að ná markmiðum hópsins. Jafnframt setja þeir sér ný markmið og gera nýjar aðgerðaáætlanir eftir því sem við á). Lögð var áhersla á að kennarar heimsæktu kennslustundir hjá samkennurum með reglubundnum hætti og ræddu heimsóknirnar á faglegan hátt. Að kennarar myndu setja sér sameiginleg markmið og myndu móta aðgerðir til að ná þeim.

Skólaárið 2017-2018 tóku tuttugu kennarar þátt í verkefninu í tveimur tíu manna hópum og hittustu kennararnir vikulega. Haldnir voru 26 fundir á skólaárinu. Fyrsti fundurinn var 22.08.2017 og sá síðasti 08.05. 2018. Hóparnir settu sér þrjú markmið í upphafi verkefnisins sem unnið var að.

Dæmi um markmið hjá hópunum:

- Að virkja alla nemendur (fækka óvirkum nemendum).
  - Einstaklingsmiðaðar lausnir.
  - Auka regluleg verkefni með sjálfvirkni yfirferð.
- Auka faglega umræðu
- Mæta óskum afburðanemenda
  - Kanna óskir nemenda-koma til móts við óskir þeirra þegar hægt er
- Beita þremur nýjum kennsluáðferðum
  - Kynna sér ólíka kennsluhætti/allir taka þátt í innleiðingu
- Bæta samskipti nemenda
  - Hvetja nemendur til að taka ábyrgð á bættum samskiptum
- Bæta upplýsingamiðlun í gegnum Innu
  - Setja fleiri upplýsingar/tilkynningar í Innu
  - Nýta Innu meira en við höfum gert

Þátttaka kennara í verkefninu var góð og þeir mátu líðan sína gagnvart verkefninu vikulega. Líðan einstaklinga í öðrum hópnum var næstum alltaf góð gagnvart verkefninu og vinnunni en í hinum hópnum mældist ekki jafn góð líðan. 16 kennarar fóru í heimsókn í kennslustund til samkennara og átti alltaf sér stað samtal milli kennaranna eftir heimsóknirnar. Flestir fengu heimsóknir í sínar kennslustundir.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Sá hluti verkefnisins sem snéri að kennurum tókst vel en tímamörkin sem við settum verkefninu var of knappur og náðist ekki að ljúka því á vorönn 2018. Við viljum að nemendur taki að einhverju marki þátt í MAS fundunum þannig að þeir eigi einnig þátt í að skilgreina markmiðin og leiðirnar að þeim en við höfum ekki hafið það starf. Verkefnið er orðið að föstum lið í skólastarfinu og þeir þættir sem frestuðust eru tímasettir á haustönn 2018.

## **Helsti ávinningur og jákvæð atriði**

Markmiðssetning er mikilvæg í öllu starfi og heimsóknir í kennslustundir þar sem jafningjar fylgjast með störfum hvors annars og ræða undirbúning og hvernig til tekst er mikilvægt fyrir kennara. Þegar kennarar voru spurðir hver upplifun þeirra var af kennsluheimsóknunum þá voru allir nema einn jákvæður. Við sjáum að brottfall nemenda hefur minnkað samhlíða því að fall í áföngum er að minnka. Það gefur vísbendingar um að kennarar leggja meiri áherslu á að ná til nemendanna og geta virkjað þá enn betur til að gera góða hluti sem nýtast í náminu. Við sjáum einnig aukið sjálfstraust og aukinn metnað fyrir náminu, bæði hjá kennurum og nemendum.

## **Mat á verkefninu**

Verkefnið tókst vel og verður því haldið áfram. Innleiðing gekk vel og er verklagið orðið flestum kennurum tamt. Kennarar sjá árangur af þessu vinnulagi og vilja halda því áfram. Markmið verkefnisins er að gera góða menntun betri og niðurstöður kennslumats sýnir að nemendur eru ánægðri með þá áfanga sem þeir stunda nám í, brottfall hefur enn fremur minnkað. Niðurstöður úr stofnun ársins sem framkvæmd er árlega hækkuðu upp um 17 stig. Það eru allir starfsmenn sem taka þátt í þeirri könnun en kennarar eru þar í miklum meirihluta og gefa niðurstöðurnar því vísbendingar um að ánægja þeirra er að aukast.

## **Niðurstöður**

MAS verkefnið er orðið ómissandi hluti af skólastarfi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og nauðsynlegt að halda því áfram. Verklagið hentar vel í samfélagi sem sífellt er að taka breytingum.


Það mótar lærdómssamfélagið og eykur samvinnu á meðal kennara og bætir kennsluhætti. Eftir heimsóknirnar áttu sér stað umræður um þær og sumum kennurum fannst vanta viðtalsramma, þ.e. hvað ætti að ræða sérstaklega eftir heimsóknirnar. Einn kennari var neikvæður í garð heimsóknanna og sagði „þær væru algjörlega tilgangslausar.“ Kennararnir voru spurðir hvernig þeim líði með markmiðin sem hópurinn setti sér. Allir voru ánægðir með þau. Annar hópurinn taldi samt að erfitt væri að finna ný markmið á meðan hinn hópurinn vildi fjölga þeim markmiðum sem unnið væri með á skólaárinu og tímasetja þau betur. Kennarahópurinn var sammála um að á þessu skólaári hafi vinnan verið markvissari og hugað betur að samskiptum við hvern á einn nemanda, að þau væru reglubundnari. Sterkir og duglegir nemendur hafi fengið meiri athygli. Í heildina þá voru kennararnir samt ánægðastir

með að hafa þennan vettvang til umræðna og að tímalengd fundanna væri fastmótuð. Við finnum mun á skólastarfinu og viðhorfið til skólans er einnig mun jákvæðara en það hefur verið, auðvitað er erfitt að meta hvort það sé einungis þessu verkefni að þakka en við erum þess fullviss að það á einhvern hlut að máli.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri og helstu niðurstöðum**

Skólastjórnendur Grunnskóla Vestmannaeyja fengu kynningu á verkefninu og tóku þátt í vinnustofu á haustönn. Fyrirhuguðu málþingi sem átti að vera meðal kennara allra skólastiga var frestað og er á dagskrá í nóvember 2018. Við teljum ð fleiri geti nýtt sér það verklag sem við höfum innleitt og draumurinn er að útbúa vef þar sem verkefnið er útlistað með leiðbeiningum og þeim gögnum sem við höfum verið að útbúa. Og í framhaldi bjóða upp á námskeið fyrir þá sem vilja tileinka sér vinnulagið.

Vestmannaeyjum 25.09.2018



Auðbjörg H. Jóhannsdóttir  
Verkefnisstjóri



Helga Kristín Kolbeins  
skólameistari